



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 3. desember 2018

1811178 RE

Efni: Bjarg íbúðafélag, fyrirspurn

Á fundi Fjölskylduráðs þann 9. nóvember s.l. lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Nýverið var Bjargi íbúðafélagi úthlutað þróunarreit fyrir 150 íbúðir við Hamranes á svæði sem ekki hefur verið skipulagt. Í viljayfirlýsingu Hafnarfjarðar og ASÍ frá 2016 kom fram að Hafnarfjarðarbær myndi hafa ráðstöfunarrétt að 25% þeirra íbúða sem byggðar yrðu samkvæmt því samkomulagi. Á þeim þróunarreit fyrir 150 íbúðir sem nú hefur verið úthlutað hversu hátt verður hlutfall þeirra íbúða sem Hafnarfjarðarbær mun hafa ráðstöfunarrétt yfir? Hvenær má búast við því að framkvæmdir á vegum Bjargs Íbúðafélags hefjist á þróunarreitnum og hvenær má búast við því að íbúðirnar verði kynntar til úthlutunar."

Fyrri viljayfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar og ASÍ frá 2016 gildir um íbúðir Bjargs og þar á meðal að Hafnarfjarðarbær úthlutar í 25% íbúðanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og skipulagsþjónustu er til skipulag við Hamranes og auk þess drög að breyttu skipulagi. Íbúðarfélagið Bjarg er að hefja deiliskipulagsvinnu á þeim reitum sem viljrði er fyrir. Ferlið er síðan auglýst eins og skipulagslög gera ráð fyrir.

Íbúðarfélagið Bjarg ákveður hvenær íbúðirnar verða kynntar til úthlutunar.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu